

Skýrsla stjórnar Skagafjarðarveitna fyrir starfsárið 2006.

Ég vil byrja á því að minnst látins starfsmanns Brynjólfs Tobíassonar en hann lést á síðast liðnu ári. Brynjólfur hóf störf hjá veitunum við sameiningu Hitaveitu Sauðárkóks og Hitaveitu Seyluhrepps 1. janúar 1998. Áður sá hann um framkvæmdir hjá Hitaveitu Seyluhrepps.

Stjórnarfundir voru samtals 17 á starfsárinu.

Helstu framkvæmdir á árinu voru:

- Unnið við hitaveitu í Akrahreppi, en búið var að tengja 46 bæi, sumar og útihús um sl. áramót. Gert er ráð fyrir að fjöldi tenginga verði um 70. Boraholan í Reykjahól við Varmahlíð var virkjuð.
- Boruð var sjótökuhola sem verður notuð fyrir rækjuverksmiðjuna Dögun og kemur í stað neysluvatns. Rækjuframleiðsla er mjög vatnsfrek og með því að nota salt vatn að hluta til í framleiðslunni getum við sparað okkur að fara í mjög fjárfrekar framkvæmdir við öflun á ferskvatni.
- Borun við Kýrholt var hætt í janúar þegar borinn var kominn í 760 m dýpt en þar festist borkrónan og situr þar enn.

Gengið var frá sameiningu Hitaveitu Hjaltadals og Skagafjarðarveitna á árinu.

Gerð var úttekt á helstu möguleikum á frekari hitaveituvæðingu í Skagafirði. Þessi úttekt var unnin af verkfræðistofunni Stoð á Sauðárkróki. Unnið var að arðsemismati á grundvelli úttektarinnar. Arðsemisúttektin var unnin af KPMG.

Mikill tími fór í undirbúning að stofnun Gagnaveitu Skagafjarðar og 17. maí 2006 var undirritaður samningur milli Fjölnets hf, Kaupfélags Skagfirðinga, Skagafjarðarveitna ehf og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um aðgerðaráætlun um stofnun á Gagnaveitu Skagafjarðar ehf.

Gerð var áætlun um nýjar hitaveitur til ársins 2010 byggða á arðsemismati. Samkvæmt þeirri áætlun er gert ráð fyrir að farið verði í nýjar veitur:

1. Hitaveita út að austan 2007 – 2008 (Hofsós og dreifbýlið frá Hrauni fram að Hólkoti í Unadal.
2. Hegranes og Sæmundarhlíð 2009
3. Fljót 2010 (Austur Fljót)
- 4.

Á stjórnarfundum 18. október 2006 var ákveðið að fara í framkvæmdir við nýja hitaveitu út að austan með virkjun á borholu í Hrolleifsdal. Þetta var ákveðið þegar fyrir lá greinargerð frá Íslenskum orkurannsóknnum um dæluþrófun á holunni en holan gefur af sér 15 sek/l af 83 gráðu heitu vatni. Vinna við hönnun veitunnar fór síðan af stað og er unnin af verkfræðistofunni Stoð ehf.

Á síðasta fundi ársins var ákveðið að gefa út kynningarbækling um starfsemi Skagafjarðarveitna og áætlun um helstu framkvæmdir.

Fastir starfsmenn í lok ársins voru 10.

Gjaldskrá hitaveitu var hækkuð einu sinni á starfsárinu þann 1. maí um 3,5 %.

Ég vil fyrir hönd stjórnar Skagafjarðarveitna þakka gott samstarf við Pál Pálsson veitustjóra. Starfsmönnum eru færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu fyrirtækisins og minni ég á að gott starfsfólk er styrkur fyrirtækisins.

Sauðárkróki 6. júlí 2007.
Einar Gíslason

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.